222. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 12. mars 2026.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:15.*
2. *Fundargerð 221. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Staðfesting á reglum fyrir Skálholtskirkjugarð.* Söknarnefnd Skálholtssóknar hefur óskað eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á breytingum á 6., 9. og 10. gr. reglna um umgengni og frágang grafreita í Skálholtskirkjugarði. Reglurnar voru upphaflega birtar í B-deild Stjórnartíðinda 2. september 2015. Í 6. gr. segir m.a. að „Trékross má setja á grafreit til bráðabirgða að hámarki í 2 ár“. Með breytingu falla út tveggja ára tímamörkin og einungis sagt „til bráðabirgða“. Í 9. gr. er orðinu „minnismerki“ breytt í „minningarmark“. Í 10. gr. er orðinu breytt á sama máta og bætt við um minningarmörk „…og skulu þau vera þannig að áletrun þeirra snúi að göngustíg“. Dómsmálaráðuneyti sendi kirkjugarðaráði fyrirhugaðar breytingar til umsagnar. Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemd við breytingarnar. Hins vegar mætti ráðuneytið skoða hvort síðasta setningin í 10. gr. samþykktra reglna gangi lengra en lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Í gildandi reglum segir að ganga skuli frá merkingu leiðis innan 6 mánaða frá greftrun, en lögin leggja ekki þá kvöð að merkja skuli leiði með minningarmarki. Einnig er bent á, að ef settur er legsteinn við gröf innan 6 mánaða frá greftrun þá eru líkur á að hann skekkist.
4. *Færsla grafarsjóðs til kirkjugarðaráðs*. Ágústa ræddi möguleika á að færa umsýslu með grafarsjóði frá KGSÍ til kirkjugarðaráðs. Ávinningurinn væri einkum tvíþættur. Annars vegar fyrir KGSÍ sem fengi þessum byrðum létt af sér. Hins vegar myndi endurskoðun einfaldast með þeirri samlegð sem fylgdi því að vista bæði kirkjugarðasjóð og grafarsjóð hjá kirkjugarðaráði. Framkvæmdin hefur gengið vel hjá KGSÍ og hefur starfsmaður KGRP séð um greiðslur úr sjóðinum skv. samningi við sambandið. Ef grafarsjóður yrði fluttur til kirkjugarðaráðs, yrði umsýslan annað hvort boðin út eða leitað tilboðs. Kirkjugarðaráð óskar eftir að þetta verði kostnaðargreint. Að hve miklu leyti mun kostnaður hækka ef greiðslur verða færðar frá KGRP til fyrirtækis. Skoða þarf vandlega út frá öllum vinklum hvaða fyrirkomulag er hagkvæmast. Haldið var til haga að burtséð frá því hvar sjóðurinn er vistaður, er afar mikilvægt að allar greftranir séu skráðar svo greitt sé rétt úr sjóðnum og ganga þarf á eftir því.

5. *Önnur mál.* 1) Ágústa ræddi niðurlagningu kirkjugarða. Svo virðist sem enginn garður hafi verið lagður niður eftir lögformlegri leið skv. heimildum Ágústu. Greina ætti hvaða garða, sem eru í umsjón kirkjugarðasjóðs, ætti að leggja niður og hefja vinnu við niðurlagningu þeirra. Þ.e. garða þar sem engin kirkjugarðanefnd eða sóknarnefnd er til staðar. Einnig taka saman lista yfir þá kirkjugarða sem myndu sæta takmörkunum á greftrunum. Þ.e. þar sem einungis væri heimilt að grafa duftker vegna plássleysis og til að takmarka rask og íþyngjandi kostnað. Jafnframt þarf að huga að ásýnd sumra gamalla garða sem settir verða í svoleiðis millistig með takmörkunum á minningarmörkum. Greina þarf í hvaða farveg þau mál færu. Þ.e. hvort þau væru unnin af viðkomandi sóknarnefnd og færu þaðan til biskups eða hvort kirkjugarðaráð hefði forgöngu og sendi til biskups. 2) Ingvar greindi frá því að KGRP hafi verið að skoða QR-kóða til notkunar við leiði, t.a.m. á steini. Slíkan kóða mætti skanna með farsíma og kalla fram minningargrein, jafnvel myndband o.s.frv. Lausnir sem þessar eru til kynningar hjá erlendum aðila, en nemar við Háskólann í Reykjavík eru að vinna að svipuðu verkefni. Rætt var að tengja mætti slíkar lausnir við gardur.is, þar sem þegar er hægt að setja inn æviágrip, frekar en að búa til nýjan grunn. Tæknin væri þá nýtileg fyrir alla garða landsins. Unnið er að því að bæta vefinn gardur.is um þessar stundir og gæti þetta gengið í framtíðinni. 3) Rætt var tilboð frá HLH ráðgjöf í verkefnavinnu fyrir kirkjugarðaráð, nýta má tilboðið sem grunn en með endurskoðun á lið tvö og öðrum endurbótum.
6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 9. apríl 2026 kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 13:00.